

Matskerfi opinberra háskóla; tilgangur og markmið

Ingibjörg Gunnarsdóttir

Aðstoðarrektur vísinda

Formaður stjórnar Matskerfis opinberra háskóla

Tilgangur og markmið (í upphafi)

Þegar matskerfið er sett á laggirnar er Háskóli Íslands fyrst og fremst kennsluháskóli á grunnstigi og er Háskólinn um þær mundir (1990) að hefja nýja vegferð með áherslu á rannsóknir og framhaldsnám.

Matskerfið var upphaflega tæki til að hvetja kennara til aukinna rannsókna og verkfæri til að bæta bág launakjör.

Fljótlega kom í ljós að kerfið var drifkraftur breytinga og rannsóknavirkni óx jafnt og þétt.

Hver er staðan nú?

- Árangur fólks í rannsóknum, kennslu og stjórnun **eins og matkerfið metur hann** hefur nú bein áhrif á grunnlaun akademísku starfsfólks.
- Á grundvelli matskerfisins er greidd árleg launaumbun vegna árangurs í rannsóknum sérstaklega.
- Matskerfið hefur einnig bein áhrif á skiptingu fjár innan Háskóla Íslands á milli fræðasviða í gegnum svokallað deililíkan.
- Kröfur um ritvirkni, kennslu- og stjórnunarreyndu í tengslum við nýráðningar og framgang eru að hluta til skilgreindar á grundvelli matskerfisins.
- Kerfið hefur áhrif á skiptingu starfsskyldna og rannsóknamisseri.

Matskerfi opinberra háskóla



II. Hlutverk og verkefni stjórnar

Stjórnin hefur eftirfarandi verkefni og hlutverk:

- Ber ábyrgð á mati á starfspáttum akademískra starfsmanna í opinberum háskólum sem falla undir kjara- og/eða stofnanasamninga sem reiða sig á matskerfið.
- Annast þróun á matskerfinu og tekur endanlegar ákvarðandi um breytingar á því. Tillögur til umsagnar að breytingum skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember og umsagnir skulu berast eigi síðar en 1. desember ár hvert. Opinberu háskólarnir, kjarafélögin og ráðuneytin skulu veita umsögn um mögulegar breytingar.
- Miða skal við að breytingar á matskerfinu verði gerðar í lok árs og komi til framkvæmda við mat á verkum og starfspáttum komandi árs.
- Kynnir ítarlegar breytingar á matskerfinu fyrir starfsfólki háskólanna og félagsmönnum kjarafélaganna.
- Skipar matsnefndir til þriggja ára í samráði við vísinda- og nýsköpunarsvið Háskóla Íslands.
- Setur vísinda- og nýsköpunarsviði verklagsreglur um framkvæmd matsins.

Stjórn Matskerfis opinberra háskólana tekur ekki ákvarðanir um það hvernig stigin eru notuð.

Hún tekur við athugasemdum um kerfið sjálft, hvernig það metur einstök ritverk og starfsþætti, gagnsæi þess, leiðbeiningar o.fl.

Mikilvægustu ákvarðanirnar um notkun stíganna eru teknar í tengslum við kjarasamninga.

Kerfið hefur þótt með réttu eða röngu

- Hygla vissum fræðasviðum umfram önnur
- Hygla körlum fremur en konum
- Hygla þeim sem birta fjölgöfundaefti umfram einyrkjaefti (og raunar öfugt)
- Hygla þeim sem rita á ensku á kostnað þeirra sem birta á íslensku
- Að íslensk vísindatímarit séu ofmetin (eða vanmetin)
- Að allt of lítið af stigum fáist fyrir birtingar í bestu vísindatímaritum heims
- Að kerfið vanmeti framlag aðalhöfunda vísindagreina og bóka
- Að það vanmeti bækur stórkostlega (eða ofmeti þær)
- Taki ekki tillit til „staðlaðrar“ eða „normaliseraðar“ birtingartíðni í mismunandi faggreinum
- Kerfið verðlaunar ekki gæði heldur magn
- Vanmetur aðra starfsþætti en rannsóknir
- Að samstarf við samfélagið og vísindamiðlun séu stórlega vanmetin

Til framtíðar

- Þurfum við svona kerfi?
- Hvernig væru Háskóli Íslands og aðrir opinberir háskólar án matskerfisins?
- Hver yrðu áhrifin á innra starf, rannsóknvirkni og launakjör?

- Hvetur matskerfið með réttum hætti til „gæða“-rannsókna?
- Væri til bóta að einfalda kerfið?

CoARA (Coalition for Advancing Research Assessment)

- Samkomulag um sameiginlega sýn um endurskoðun rannsóknamats í Evrópu.
- Um 720 háskólar og styrktaraðilar rannsókna, einkum evrópskir, hafa undirritað CoARA samkomulagið
- Háskóli Íslands hefur undirritað samkomulagið ásamt Rannís.
- Mat á rannsóknum, rannsakendum og rannsóknastofnunum, þ. á m. háskólum **grundvallist á fjölbreyttum afurðum rannsókna, rannsóknaaðferða og viðburða með áherslu á gæði og samfélagsleg áhrif rannsókna.**
- Háskóli Íslands þarf leggja fram áætlun fyrir árslok 2024 um það hvernig háskólinn hyggist standa að endurskoðun rannsóknamats ásamt tímaáætlun sem nær til ársloka 2027.
- Með virkri þátttöku í þessu ferli fær HÍ tækifæri til að fylgjast með og miðla af reynslu sinni í tengslum við þróun alþjóðlegra matskerfa og kjölfarið til að tileinka sér þau kerfi og aðferðir sem best reynast á hverjum tíma.